

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1451
komudagur. 23.3.2006

Reykjanesbæ 21.mars 2006

Til: Nefndarsviðs Alþingis.

Frá: Íslandsmarkaði

Tillaga til þingsályktunar um leiðir til að auka fullvinnslu á fiski hérlendis, mál 212

Umsögn:

Erum við mjög sammála því að sett verði í gang ítarleg könnun á útflutningi óunnins fisk á erlenda markaði.

Við erum ekki sammála því að settar verði hömlur á viðskiptin.

Koma þarf á því lagalega umhverfi að það að selja fisk á íslenskum fiskmarkaði verði aldrei síðri kostur, gagnvart vigtun og þ.a.l. kvóta, en sala á erlendum uppboðsmarkaði.

Greinargerð:

Íslenskir fiskmarkaðir bjóða allir upp á sama uppboðskerfinu FISKNETI.

Fisknet er aðgengilegt öllum þeim sem hafa aðgang að interneti og uppfylla lágmarkskröfur um tölvubúnað. Eina krafan sem gerð er til kaupanda er að hann hafi greiðslutryggingu svo sem kveðið er á í lögum um fiskmarkaði.

Íslandsmarkaður er með í smíðum nýtt sölukerfi FJÖLNET, í því er sérstaklega hugað að sölu á gámafiski og stærri förmum. Ef af verður verður það eins og Fisknet öllum aðgengilegt bæði hérlendis sem erlendis. Tekið skal fram að FJÖLNET er enn í hönnun og ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort það verði sett í gang, ræðst það m.a. af ytra umhverfi og áhuga viðskiptavina.

Íslenskir fiskmarkaðir hafa aldrei haft frammi þá kröfu að fiskur skuli þvingaður inn á íslenska fiskmarkaði. Er það okkar sýn að hafa markaðinn opinn og án allra kvaða.

Við höfum hins vegar marg oft bent á þá mismunum sem ríkir milli íslenskra fiskmarkaða og erlendra fiskmarkaða sem hafa heimild til selja fisk sem hefur ekki verið endanlega vigtaður hér á landi. Með því að jafna út þann mismun sem þar ríkir er ekki vafi á því að aðgengi íslenskra fiskkaupenda mundi aukast mjög.

Krafa okkar er að engin óunnin fiskur sé sendur úr landi óvigtaður. Ljúkum vigtun hér heima í samræmi við nýsetta reglugerð um vigtun sjávarafla. Með því sitja allir við sama borð bæði innlendir og erlendir kaupendur.

Önnur krafa sem við höfum marg sett fram er að söluupplýsingar, frá þeim erlendu fiskmörkuðum sem hafa í dag heimild til að bjóða upp óunnin ísl. fisk, liggi fyrir strax að loknu uppboði.